

# HEIMIR



VI. árgangur

WINNIPEG, 1910.

7. blað.

## Til Kvennfreliskonunnar

Láttu ekki hopa huga þinn  
horfandi í vonbrigðaspegilinn,  
fjaðrahatts elskáði engillinn !  
Uppáhaldsvera guðs og manna,  
framhrinding orða og anna,  
ylkveikjan hugsananna.

Og settu ekki blóð þitt í suðuhita  
þótt sóknin sé erfið og þungt að strita,  
en kveiktu með hæversku á háttprýðis vita  
svo heimurinn fegríst og birti þig kringum.  
Ver framsýn og ráðsnjöll á þínum þingum.

Þú nútíðar hugrými heldur þér kýs  
en hafa þíns valds sess í Paradís,  
sem dálætið gaf þér. Finst voði þar víz  
og verði þér óholl sú kitra —  
Sért fangelsuð innra og ytra.